



HÉRAÐSDÓMUR  
VESTURLANDS

**D Ó M U R**

**26. apríl 2012**

**Mál nr.**      **E-6/2011:**

**Stefnandi:**    **Eyrún Sigríður Kristínardóttir**  
*(Jón Haukur Hauksson hdl.)*

**Stefndi:**      **Gamla Kaupfélagið ehf.**  
*(Eybjörg Helga Hauksdóttir hdl.)*

**Dómari:**      **Allan Vagn Magnússon héraðsdómari**

# D Ó M U R

**Héraðsdóms Vesturlands 26. apríl 2012 í máli nr. E-6/2011:**

**Eyrún Sigríður Kristínardóttir**

*(Jón Haukur Hauksson hdl.)*

**gegn Gamla Kaupfélaginu ehf.**

*(Eybjörg Helga Hauksdóttir hdl)*

Mál þetta, sem dómtekið var 24. apríl 2012, er höfðað með stefnu birtri 17. desember 2010.

Stefnandi er Eyrún Sigríður Kristínardóttir, Vallholti 11, Akranesi.

Stefndi er Gamla Kaupfélagið ehf., Bakkatúni 26, Akranesi.

Dómkröfur stefnanda eru þær að hið stefnda félag verði dæmt til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 256.943,00, ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af kr. 18.257,00 frá 15.11.2009 til 15.12.2009, af kr. 27.024,00 frá 15.12.2009 til 15.01.2010, af kr. 35.510,00 frá 15.01.2010 til 01.02.2010, af kr. 51.169,00 frá 01.02.2010 til 15.02.2010, af kr. 67.625,00 frá 15.02.2010 til 01.03.2010, af kr. 70.860,00 frá 01.03.2010 til 15.03.2010, af kr. 87.973,00 frá 15.03.2010 til 01.04.2010, af kr. 68.235,00 frá 01.04.2010 til 15.04.2010, af kr. 94.396,00 frá 15.04.2010 til 01.05.2010, af kr. 111.321,00 frá 01.05.2010 til 15.05.2010, af kr. 159.096,00 frá 15.05.2010 til 01.06.2010, af kr. 216.951,00 frá 01.06.2010 til 15.06.2010, af kr. 251.317,00 frá 15.06.2010 til 01.07.2010, og af kr. 256.943,00 frá 01.07.2010 til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar.

Stefndi krefst þess aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Til vara krefst stefndi þess að kröfur stefnanda verði lækkaðar og stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 256.704,-.

Í öllum tilvikum krefst stefndi þess að honum verði dæmdur málskostnaður.

## MÁLSATVIK OG MÁLSÁSTÆÐUR:

Stefnandi kveðst hafa starfað hjá stefnda. Fyrst við afgreiðslu á bar á veitingahúsinu Gamla Kaupfélaginu á Akranesi en í desember 2009 hafi hún verið beðin um að taka að sér umsjón með daglegum rekstri staðarins þegar fyrri umsjónarmanni hafi verið sagt upp störfum. Stefnandi hafi starfað hjá stefnda þar til í júní 2010 en þá hafi orðið að samkomulagi milli hennar og stjórnarformanns stefnda að hún hætti störfum þá þegar.

Stjórnarformaður stefnda hafi ráðið stefnanda til starfa og samið við hana um launakjör. Enginn skriflegur ráðningarsamningur hafi verið gerður milli aðila. Umsamin launakjör komi fram á launaseðlum sem liggja frammi í málinu. Stefnandi hafi fengið launaseðla frá stefnda og á þeim sé byggt um launakjör stefnanda. Stefnanda hafi verið greidd laun fyrir þá tíma sem unnir hafi verið í hverjum mánuði en það hafi verið mismikið milli mánaða.

Eftir að stefnandi hafi tekið að sér umsjón með daglegum rekstri staðarins hafi verksvið hennar orðið afar víðtækt og í raun lítt skilgreint. Þá hafi verið til þess ætlast að hún gengi í hvert það starf sem vinna þyrfti og hlypi undir bagga við hvaðeina.

Stefnandi hafi gert athugasemdir við ýmislegt í rekstrarfyrirkomulagi staðarins. Þannig hafi t.d. sími veitingastaðarins verið tengdur á þann hátt að ef ekki svaraði þar hafi símtalið flust í persónulegan farsíma stefnanda. Þessi aðgerð hafi verið framkvæmd að stefnanda forspurðum og þegar hún hafi gert athugasemd við þetta hafi stjórnarformaður stefnda tilkynnt henni að svona þyrfti þetta að vera ef hún ætlaði að hafa umsjón með daglegum rekstri. Þetta hafi orðið til þess að stefnandi hafi orðið að svara símtölum á öllum tíma sólarhrings án þess að fá greitt fyrir þann tíma.

Tímaskráningar hafi almennt farið fram í gegnum starfsemi í öðru fyrirtæki sem stjórnarformaður stefnda sjái um rekstur á. Þess vegna sé tilgreint "Þorgeir og Ellert" efst á tímaskráningarblöðum sem fylgi launaseðlum í málinu. Starfsfólk á veitingahúsinu hafi alls ekki séð um launavinnslu, útreikning launa eða útborgun. Stefnandi hafi þess vegna ekkert komið nálægt þeim störfum að neinu leyti og hafi engin tók haft á að hafa neitt sjálfðæmi um laun sín. Séu því óútskýrðar, en um leið algerlega órökstuddar, ávirðingar af hálfu stefnda um það, t.d. í bréfum frá 6. ágúst 2010 og 29. október 2010. Tímaskráningar hafi þurft að gerast bæði með stimplunum í stimpilklukku og handvirkt hjá starfsmanni sem séð hafi um skráningu tíma og launamál. Það hafi gerst reglulega að tímaklukkan hafi verið ótengd tölvukerfinu vegna einhverra bilana og þá hafi þurft að leiðrétta skráningar eftir á. Dæmi um

samskipti vegna svona bilana megi sjá í tölvupósti frá 16. apríl 2010 þar sem starfsmaður í launavinnslu hjá stefnda geri að fyrri bragði athugasemd við að tímaskráningar vanti frá veitingahúsinu Gamla Kaupfélaginu. Einnig hafi það komið fyrir að starfsmenn hafi gleymt að stimpla sig inn eða út og þá hafi tímaskráningar verið handfærðar af starfsmanni í launadeild.

Um þessar aðferðir við tímaskráningu hafi aldrei verið gerðar neinar athugasemdir af hálfu forsvarsmanna stefnda – fyrr en eftir að stefnandi hafi verið hættur störfum og hefði gert kröfu um laun fyrir vangreiddan hvíldartíma. Þá fyrst hafi forsvarsmenn stefnda talið ástæðu til að halda því fram að vinnutími stefnanda hafi verið gróflega oftalinn og virðist halda því fram að hún eigi aðeins rétt á launum fyrir þann tíma sem skráður hafi verið í tímaklukkuvinnustaðarins. Þessi málsástæða sé órökstudd og þar að auki of seint fram borin af hálfu stefnda, enda hafi aðrir starfsmenn stefnda haft alla umsjón með launamálum og séð að öllu leyti um útreikning og útborgun launa til stefnanda og annarra starfsmanna á veitingahúsinu. Hafi stefndi ætlað að gera athugasemdir við tímaskráningar eða vinnutíma stefnanda hafi borið að gera það áður en laun voru greidd út. Sú viðurkenning um vinnutíma stefnanda, sem fram komi á launaseðlum og tímaskráningarblöðum, staðfesti rétt stefnanda til launa fyrir þann vinnutíma sem starfsmenn launadeildar stefnda hafi skráð og greitt út.

Af hálfu stefnda liggja auk þess fyrir viðurkenning um að aðra aðferð en stimpilklukkuskráningu þurfi að nota. Þetta liggja meðal annars fyrir í fylgiskjali sem stefnanda hafi borist með launaseðli í nóvember 2009. Þar sé í dreifibréfi til starfsmanna birt hvatning um að senda tilkynningar ef t.d. gleymst hafi að stimpla. Þetta sé viðurkenning launagreiðandans um að stimpilklukkan ein ráði því ekki við hvaða vinnutíma sé miðað þegar laun eru reiknuð og greidd út. Vegna þessa sé óskiljanlegur málflutningur stefnda, þar sem því sé haldið fram að stefnandi eigi aðeins rétt á þeim tíma sem skráður sé í stimpilklukkunni.

Vegna þeirra starfa sem stefnanda hafi verið ætlað að vinna hafi það komið fyrir að hún hafi ýmist verið kölluð til vinnu eða hún neyðst til að mæta til vinnu af því að ekki hafi aðrir starfsmenn verið til starfa eða hún hafi þurft að hafa umsjón með störfum á veitingahúsinu. Þetta hafi orðið til þess að stefnandi hafi oft ekki fengið þá lágmarkshvöld sem mælt sé fyrir um í kjarasamningi. Samkvæmt gr. 2.4.2 í kjarasamningi milli Samtaka atvinnulífsins og Starfsgreinasambands Íslands, sem sé sá kjarasamningur sem mæli fyrir um lágmarkskjör stefnanda, segi að ef hvíldartími

nái ekki 11 klst. sé heimilt að fresta hvíldinni og veita hana síðar þannig að frítökuréttur sé hinn vantaldi hvíldartími margfaldaður með 1,5. Á sama hátt skapi of stuttur hvíldartími rétt til launa. Sé frítími ekki veittur beri atvinnurekanda að greiða þennan vantalda frítíma.

Stefndi hafi viðurkennt rétt stefnanda til að fá greiddan hvíldartíma. Stefndi hafi gert þetta með því að greiða stefnanda hvíldartíma. Þetta megi sjá á launaseðli nr. 6/2010 og tímaskráningarblaði sem fylgi. Vantalinn hvíldartími hafi hins vegar ekki fengið rétta meðferð í öllum tilvikum hjá stefnda og því sé þetta mál til komið. Í þessu máli sé vantallinn hvíldartími í öllum tilvikum reiknaður á dagvinnutaxta þótt í sumum tilvikum sé um að ræða vinnu á helgum eða stórhátíðum.

Af launaseðlum stefnanda megi sjá að greitt hafi verið 10,17% orlof á laun. Orlof sé þess vegna reiknað sem 10,17% af vangreiddum launum í hvíldartíma. Stefnda hafi borið að gera orlof upp við slit vinnusamnings.

Þá eigi stefnandi rétt á að fá greitt 8% iðgjald til lífeyrissjóðs af hinum vangreiddu launum.

Stefndi hefði átt að greiða hvíldartíma jafnóðum, eða við launaútborgun næst eftir að krafa stofnaðist. Í síðasta lagi hefði átt að gera hvíldartíma upp við starfslok.

Lágmarkshvíld skv. gr. 2.4.2 í kjarasamningi SGS og SA sé 11 klst. Þar sem minni tími hafi liðið sé mismunurinn reiknaður sem vantallinn tími. Vegna þeirrar reglu í gr. 2.4.2 í kjarasamningi, að margfalda beri vantallinn hvíldartíma með 1,5, skapist réttur hjá stefnanda til að fá greiddar 1,5 klst. fyrir hverja klst. af hvíldartíma sem hún sé vanhaldin um.

Laun stefnanda séu á launaseðlum reiknuð út miðað við að klukkustund sé skipt upp í 100 mínútur, það er að segja reiknað er í tugabrotum hlutfall af klukkustund. Þessi sama aðferð sé notuð í kröfugerð stefnanda við að reikna vantallinn hvíldartíma. Þess vegna sé hvíldartími, sem stefnandi sé vanhaldinn um, umreiknaður úr mínútum í hundraðshluta úr klukkustund. Sem dæmi sé litið til launaseðils nr. 6/2009. Þar komi fram á tímaskráningarblaði að stefnandi hafi hætt vinnu 25. október 2009 kl. 04:33. Á tímaskráningarblaðinu sjáist dagsetningin 24. október 2009, en þann dag hafi stefnandi mætt til vinnu kl. 16:00 og unnið fram yfir miðnætti. Vegna þess að törnin hafi byrjað 24. október skráist lok vinnutíma undir sömu dagsetningu, en augljóst sé að þegar komið er fram yfir miðnætti er kominn 25. október. Hún hafi mætt aftur til vinnu 25. október 2009 kl. 13:22. Hvíldartíminn í þessu tilviki sé 8 klst. og 49 mínútur. Þegar þessi hvíldartími sé umreiknaður í hundraðshluta reiknist hann

sem 8,82 klst. Þar sem hvíldartími hafi átt að vera 11,00 klst. sé stefnandi hér vanhaldinn um 2,18 klst. (sett hér fram með tveimur aukastöfum, en reiknað með mörgum aukastöfum í töflu á dskj. 33). Sá tími margfaldaður með 1,5 gerir 3,27 klst. og það margfaldað með tímakaupi stefnanda (sem verið hafi 1.500 kr./klst. á þessum tíma) geri 4.913 kr. Ofan á það eigi stefnandi rétt á 10,17% orlofi og 8% lífeyrissjóðsframlagi, enda hafi stefnandi ekki sýnt fram á að þau gjöld hafi verið réttilega greidd öðrum réttmætum viðtakendum greiðslna. Vegna þessa hvíldartímabils eigi stefnandi rétt á 5.805 kr. greiðslu. Á sama hátt hafi verið farið yfir önnur tímabil þar sem hvíldartími sé vantallinn og um sundurliðun þessa vísist til ítarlegrar sundurliðunar á dskj. 53 þar sem hvert tímabil sé sundurliðað og sérhver liður kröfugerðar reiknaður.

Heildarkrafa stefnanda sundurliðast þannig að alls er vantallinn tími 94,72 klst. Sá tími margfaldað með 1,5 og með því tímagjaldi sem gildi á þeim útborgunartíma. Ofan á þannig reiknaða fjárhæð reiknast 10,17% orlof og 8% lífeyrissjóðsframlag og þannig reiknast heildarkrafan.

Frá höfuðstóli er við útreikning kröfugerðar reiknaður sá tími sem greiddur var sem hvíldartími. Sú greiðsla er reiknuð á sama hátt og kröfugerð stefnanda til að sannmælis sé gætt gagnvart stefnda hvað þetta varðar.

Skuld þessi hafi ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og sé því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar. Stefndi hafi hafnað kröfum stefnanda. Bréfaskipti hafi bæði verið milli Verkalýðsfélags Akraness og stefnda vegna þessa og milli lögmanns stefnanda og stefnda. Því sé ekki skylt að senda innheimtuviaðvörun áður en málinu sé stefnt fyrir dóm, sbr. 6. mgr. 7. gr. laga nr. 95/2008.

Stefnandi hafi verið félagi í Verslunarmannafélagi Akraness þegar krafa hennar stofnaðist. Vísað sé til meginreglna vinnu-, kröfu- og samningaréttarins um efnidir fjárskuldbindinga og að gerða samninga skuli halda, sérstaklega um skyldu vinnuveitanda til að greiða umsamin laun, skv. gildandi ráðningar- eða kjarasamningi. Sérstaklega sé vísað til réttar stefnanda til launa í vangreiddum hvíldartíma skv. gr. 2.4.2 í kjarasamningi SA og SGS sem gildir frá 1. febrúar 2008 – 30. nóvember 2010. Byggt sé á því að stefndi hafi vanefnt bindandi ráðningarsamning við stefnanda með því að greiða ekki umsamin laun og laun á hvíldartíma og brotið gegn ákvæðum kjarasamnings sem líta beri á sem lágmarkskjör stefnanda. Samkvæmt framangreindum réttarheimildum og samningum er greiðsluskylda stefnda ótvíræð. Um sönnun er jafnframt vísað til stjórnunarréttar stefnda og þess að hann er

bókhaldsskyldur að lögum. Vísað er til laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks, laga nr. 28/1930 um greiðslu verkkaups og laga nr. 30/1987 um orlof, aðallega 1., 7. og 8. gr. Þá er vísað til kjarasamnings Starfsgreinasambands Íslands fyrir hönd Verkalýðsfélags Akraness annars vegar og Samtaka atvinnulífsins hins vegar, aðallega 2. kafla og 4. kafla. Um dráttarvexti er vísað til laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, aðallega III. kafla. Um varnarþing vísast til 33. gr. einkamálalaga nr. 91/1991. Um málskostnað vísast til XXI. kafla einkamálalaga nr. 91/1991, aðallega 1. mgr. 130. gr. Varðandi virðisaukaskatt af málskostnaði vísar stefnandi til laga nr. 50/1988 og þess að hann er ekki með virðisaukaskattsskylda starfsemi og er því nauðsyn að fá stefnda dæmdan til greiðslu virðisaukaskatts af málskostnaði til þess að vera skaðlaus af innheimtukostnaði.

Stefndi byggir aðalkröfu sína um sýknu einkum á því að stefnanda hafi verið óheimilt að skipuleggja vinnu sína, eða annarra, með þeim hætti að kjarasamningsbundinn hvíldartími væri skertur. Skv. meginreglum vinnuréttar sé ein af meginskyldum starfsmanns að hlýða löglegum fyrirmælum og ákvörðunum vinnuveitanda síns. Þá komi sérstaklega fram í gr. 2.4 í kjarasamningi Samtaka atvinnulífsins og Starfsgreinasambands Íslands að óheimilt sé að skipuleggja vinnu þannig að vinnutími fari umfram 13 klukkustundir. Þar komi einnig fram að heimilt sé að biðja starfsmenn sérstaklega að mæta til vinnu áður en 11 klst. hvíld er náð, en þá skuli greiða út hvíldartímann. Sé tekið fram að þetta skuli einungis gert þegar sérstakar aðstæður geri annað óhjákvæmilegt. Í þessu máli hafi stefnandi aldrei verið beðinn um að haga vinnu sinni þannig að það bryti gegn ákvæðum kjarasamnings um hvíldartíma. Þvert á móti hafi henni verið bannað að gera slíkt og lögð sérstök áhersla á að vinna væri skipulögð með þeim hætti að ekki þyrfti að koma til greiðslu hvíldartíma. Sé engan veginn fallist á það að stefnandi hafi ekki getað fengið aðra starfsmenn til að þrifa, elda mat, vinna í veislum, skipta um rúmföt o.s.frv.

Stefndi byggir aðalkröfu sína einnig á því að stefnandi hafi brotið verklagsreglur stefnda við tímaskráningu. Ekki hefði átt að leggja tímaskráningu stefnanda til grundvallar við útreikning launa og hún geti ekki orðið grundvöllur kröfu stefnanda um greiðslu hvíldartíma.

Skv. meginreglum vinnuréttar sé ein af meginskyldum starfsmanns að hlýða löglegum fyrirmælum og ákvörðunum vinnuveitanda síns. Stefnandi hafi brotið þau fyrirmæli ítrekað og með grófum hætti. Stefnandi hafi haft uppi skýr fyrirmæli við

starfsmenn sína um notkun stimpilklukkunnar við tímaskráningu. Slík skráning geti misfarist í einstaka tilvikum og hafi beiðni um breytingu á stimpilklukku þá átt að koma frá næsta yfirmanni umrædds starfsmanns. Yfirmaðurinn hafi þá getað fylgst með þessum skráningum og staðfest viðveru starfsmannsins á vinnustaðnum. Stefnanda hafi sem yfirmanni borið að sjá um að framfylgja þeim reglum og ekki síst að fara fram með góðu fordæmi.

Stefnandi hafi ítrekað og gróflega brotið gegn þessari verklagsreglu. Í um 70% tilfella á því tímabili, sem stefnandi geri kröfur um hvíldartíma, séu tímar stefnanda byggðir á leiðréttingum hennar á eigin tímum. Í einungis 3 af 31 tilfelli byggist krafan um hvíldartíma á vinnutímum sem skráðir hafi verið í stimpilklukku. Í 28 tilfellum af 31 sé krafan byggð á tímaskráningu stefnanda. Þar sem tímaskráningin fyrir starfsmenn stefnda fari fram í gegnum skrifstofu systurfélags stefnda hafi stefnda ekki orðið þetta ljóst fyrr en eftir að stefnandi hafi látið af störfum. Stefnandi hafi því fengið þessa tíma greidda, en stefndi áskilji sér allan rétt til að krefja hana um endurgreiðslu þeirra. Stefndi mótmælir því með öllu að kröfur stefnanda um hvíldartíma verði byggðar á þessari tímaskráningu.

Varakrafa stefnda byggist á því að krafa stefnanda sé ofreiknuð um kr. 8.674,-. Fram komi í dskj. 33 að gerð sé krafa um hvíldartíma vegna 4. apríl 2010. Skv. yfirlitinu hafi stefnandi unnið til kl. 05:05 um nóttina og komið aftur til vinnu kl. 13:00, en skv. tímaskráningu (sem hafi verið sérstaklega lagfærð skv. fyrirmælum stefnanda, sjá dskj. 45) hafi hún ekki komið aftur til vinnu fyrr en kl. 16:00. Krafa stefnanda sé því of há sem nemi kr. 8.674,-, sbr. útreikninga í dskj. 33.

Stefndi vísar, máli sínu til stuðnings, til kjarasamnings Starfsgreinasambands Íslands fyrir hönd Verkalýðsfélags Akraness annars vegar og Samtaka atvinnulífsins hins vegar, aðallega 2. kafla. Einnig vísar stefndi til meginreglu vinnuréttar um skyldu starfsmanns að hlýða löglegum fyrirmælum og ákvörðunum vinnuveitanda síns. Kröfu um málskostnað byggir stefndi á ákvæðum XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

## **NIÐURSTAÐA**

Í málinu kemur fram að starfsmenn stefnda, þar á meðal stefnandi, voru allir á sama tímakaupi og að laun voru reiknuð samkvæmt tímum sem voru skráðir í stimpilklukku og að stefnandi kom leiðréttingum til þess sem annaðist útreikning launa þegar starfsmenn gleymdu að stimpla sig inn eða út. Voru vinnuseðlar, sem



gerðir voru samkvæmt þessum upplýsingum, lagðir til grundvallar við greiðslu launa til stefnanda. Verður ekki betur séð en að skráning tíma stefnanda hafi verið í samræmi við vinnuframlag hennar en hins vegar er á því byggt af hálfu stefnda að í þeim tilvikum sem komið hafi til þess að stefnandi hafi ekki fengið hvíldartíma eins og hún hafi átt rétt til hafi hún brotið gegn starfsskyldum sínum með því að til þessa hafi komið. Ekki var gerður skriflegur ráðningarsamningur við stefnanda og ekki liggja fyrir gögn um ráðningarkjör stefnanda og starfsskyldur hennar. Fullyrðing um að ekki hafi mátt koma til skertrar hvíldar starfsmanna styðst við einhliða frásögn forsvarsmanna stefnda og framburður tveggja starfsmanna stefnda um þetta efni þykir ekki taka af tvímæli um þetta.

Ljóst er af vinnuseðlum þeim sem lagðir voru til grundvallar við greiðslu launa til stefnanda að fyrir kom að hún naut ekki hvíldar og hefur af hennar hálfu verið lagt fram yfirlit um þau tilvik sem kröfugerð hennar er reist á og verður á því byggt í máli þessu. Samkvæmt grein 2.4.2 í kjarasamningi þeim sem tók til aðila bar stefnanda laun vegna skertrar hvíldar eins og hún krefst hér, sbr. og ákvæði laga nr. 55/1988 um starfskjör launafólks.

Samkvæmt framansögðu verða kröfur stefnanda teknar til greina og eftir úrslitum málsins verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda 650.000 krónur í málskostnað.

### **DÓMSORÐ**

Stefndi, Gamla Kaupfélagið ehf., greiði stefnanda, Eyrúnu Sigríði Kristínardóttur, 256.943 krónur ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, af 18.257 krónum frá 15. nóvember 2009 til 15. desember 2009, af 27.024 krónum frá þeim degi til 15. janúar 2010, af 35.510 krónum frá þeim degi til 1. febrúar 2010, af 51.169 krónum frá þeim degi til 15. febrúar 2010, af 67.625 krónum frá þeim degi til 1. mars 2010, af 70.860 krónum frá þeim degi til 15. mars 2010, af 87.973 krónum frá þeim degi til 1. apríl 2010, af 68.235 krónum frá þeim degi til 15. apríl 2010, af 94.396 krónum frá þeim degi til 1. maí 2010, af 111.321 krónu frá þeim degi til 15. maí 2010, af 159.096 krónum frá þeim degi til 1. júní 2010, af 216.951 krónu frá þeim degi til 15. júní, af 251.317 krónum frá þeim degi til 1. júlí 2010, og af 256.943 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 650.000 krónur í málskostnað.

Allan V. Magnússon

Dómsorðið er lesið í réttinum í heyranda hljóði að málsaðilum og lögmönnum þeirra fjarstöddum.

Dómþingi slitið.

Allan V. Magnússon

Rétt endurrit staðfestir,  
skrifstofu Héraðsdóms Vesturlands,  
26. apríl 2012.